

Ábending ársreikningaskrár ríkisskattstjóra

Ársreikningur þessi er áritaður af ríkisendurskoðanda samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga

Nýr Landspítali ohf.

Ársreikningur 2023

Nýr Landspítali ohf.
Vatnsmýrarvegi 22
101 Reykjavík
kt. 500810-0410

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar og staðfesting ársreiknings.....	3
Áritun Ríkisendurskoðunar.....	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9

Skýrsla stjórnar og staðfesting ársreiknings

Ársreikningur Nýs Landspítala ohf. árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi, auk skýringa.

Fjöldi verkefna sem Nýjum Landspítala ohf. hafa verið falin hefur breyst til aukningar að umfangi á umliðnum árum. Á árinu 2023 beindist starfsemi félagsins að fjölmörgum hönnunar- og framkvæmdaverkum við Hringbraut og Grensás. Þá var hafist handa við undirbúningsvinnu vegna nýbyggingar við Sjúkrahúsið á Akureyri, en einnig er unnið að viðamiklum þróunar- og tækniverkefnum s.s. tækja- og búnaðarverkefnum. Mesta umfang og kostnaður er fólgin í meginverkefnum NLSH, sem eru verklegar framkvæmdir við uppsteypu meðferðarkjarna og frágang utanhúss, uppsteypu bílastæða- og tækniúss og uppsteypu bílakjallara.

Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir 3.885,7 m.kr., skuldir 3.865,7 m.kr. og eigið fé 20,0 m.kr.

Hlutfé félagsins er 20,0 m.kr. og er allt í eigu ríkissjóðs.

Stjórn Ný Landspítala ohf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík, apríl 2024

Undirritað rafrænt

Finnur Árnason
stjórnarformaður

Dagný Brynjólfssdóttir

Sigurður H. Helgason

Gunnar Svavarsson,
framkvæmdastjóri

Áritun Ríkisendurskoðunar

Til stjórnar og hluthafa Nýs Landspítala ohf.

Álit

Ársreikningur Nýs Landspítala ohf. árið 2023 er endurskoðaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um eigið fé, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Nýs Landspítala ohf. 31. desember 2023, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð ríkisendurskoðanda hér á eftir. Ríkisendurskoðandi er óháður Nýjum Landspítala ohf. og starfar í samræmi við lög nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI). Skrifstofa ríkisendurskoðanda nefnist Ríkisendurskoðun og fer hann með stjórn hennar. Ríkisendurskoðandi telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum.

Aðrar upplýsingar

Að álit Ríkisendurskoðunar koma fram í skýrslu stjórnar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri (stjórnendur) eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Nýs Landspítala ohf. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórnendur hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að leysa félagið upp.

Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið ríkisendurskoðanda er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum. Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila en hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Einnig framkvæmir Ríkisendurskoðun eftirfarandi:

- Greinir og metur hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, endurskoðunaraðgerðir skipulagðar og framkvæmdar til að bregðast við þeirri hættu og aflað endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- Aflar skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggi viðunandi árangur.
- Metur hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktar um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og á grundvelli endurskoðunarinnar leggur mat á hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef endurskoðunin leiðir í ljós að talið sé að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings í áritun Ríkisendurskoðunar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Engu að síður geta aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metur í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metur framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Ríkisendurskoðun ber að upplýsa stjórn félagsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, apríl 2024

Undirritað rafrænt

Guðmundur Björgvin Helgason,
ríkisendurskoðandi

Rekstrarreikningur árið 2023

Gjöld	Skýr.	2023	2022
Heildarverkefnið.....	9	957.869	709.532
Meðferðarkjarni.....		8.071.813	7.124.943
Rannsóknarhús.....		439.776	744.288
Bílastæðahús.....		1.918.991	606.029
Bílakjallari.....		721.759	59.846
Götur, veitur og lóð.....		27.180	82.746
Önnur verkefni.....		784.246	426.328
Fjármagnsliðir.....		(252.328)	(86.179)
Rekstrargjöld		<u>12.669.306</u>	<u>9.667.533</u>
Niðurstaða ársins.....		<u>12.669.306</u>	<u>9.667.533</u>
Flutt á viðskiptareikning ríkissjóðs.....		<u>(12.669.306)</u>	<u>(9.667.533)</u>
		<u><u>0</u></u>	<u><u>0</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	2023	2022
Eignir			
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur.....		69.192	131.100
Fyrirframgreiðslur.....		256.224	687.939
Krafa vegna skatta.....		139.359	253.421
Handbært fé.....		3.420.923	1.857.871
Veltufjármunir		<u>3.885.698</u>	<u>2.930.331</u>
Eignir alls		<u>3.885.698</u>	<u>2.930.331</u>
Eigið fé			
Hlutfé		<u>20.000</u>	<u>20.000</u>
Eigið fé	6	<u>20.000</u>	<u>20.000</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Viðskiptareikningur við ríkissjóð.....	7	2.751.595	1.920.901
Aðrar skammtímaskuldir.....		1.114.102	989.430
Skammtímaskuldir		<u>3.865.698</u>	<u>2.910.331</u>
Skuldir alls		<u>3.865.698</u>	<u>2.910.331</u>
Eigið fé og skuldir alls		<u>3.885.698</u>	<u>2.930.331</u>

Sjóðstreymi árið 2023

	2023	2022
Rekstrarhreyfingar		
Niðurstaða rekstrarreiknings.....	0	0
Skammtímakröfur, lækkun.....	607.684	(904.377)
Skammtímaskuldir, hækkun	955.368	(1.322.394)
Handbært fé frá rekstri	<u>1.563.052</u>	<u>(2.226.771)</u>
Hækkun á handbæru fé.....	1.563.052	(2.226.771)
Handbært fé í ársbyrjun	<u>1.857.871</u>	<u>4.084.642</u>
Handbært fé í árslok	<u><u>3.420.923</u></u>	<u><u>1.857.871</u></u>

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Nýs Landspítala ohf. byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

2. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á kostnaðarverði.

3. Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.

4. Handbært fé

Til handbærs fjár teljast óbundnar innstæður á bankareikningum.

5. Heildarkostnaður

Heildarkostnaður greinist þannig:

Kostnaðarverð

	2023	2022
Framkvæmdir á árinu.....	12.669.306	9.667.533
Flutt á viðskiptareikning ríkissjóðs	(12.669.306)	(9.667.533)
	<u>0</u>	<u>0</u>

6. Eigið fé

Hlutafé.....	<u>20.000</u>	<u>20.000</u>
--------------	---------------	---------------

7. Viðskiptareikningur ríkissjóðs

Staða við ríkissjóð í ársbyrjun.....	1.920.901	3.588.435
Greitt úr ríkissjóði.....	13.500.000	8.000.000
	<u>15.420.901</u>	<u>11.588.435</u>
Flutt af heildarkostnaði.....	(12.669.306)	(9.667.533)
Staða við ríkissjóð í árslok	<u>2.751.595</u>	<u>1.920.902</u>

Skýringar

8. Fjárveiting

Fjárveiting ársins nam 13.400 m.kr. En greiðslur úr ríkissjóði á árinu námu 13.500 m.kr. En þær voru í samræmi við framvindu.

9. Heildarverkefnið

Heildarverkefnið er vegna annars verkefna-, ráðgjafa- og framkvæmdakostnaðar og vegna launa verkefnisstjórnar. Heildarlaunakostnaður nam 634,4 m.kr. og fjöldi ársverka var 32,5 en þeim fjölgaði um 7,2 frá árinu áður. Áunnin orlofsskuldbinding vegna starfsmanna í árslok hefur verið reiknuð og breytingin færð til gjalda og skuldar í efnahagsreikningi.

Laun framkvæmdastjóra námu 24,8 m.kr. Laun þriggja stjórnarmanna námu samtals 9,6 m.kr.

	2023	2022
Laun.....	500.526	385.508
Launatengd gjöld.....	115.401	88.930
Áunnið orlof, breyting.....	18.515	6.853
Annar verkefna- og framkvæmdakostnaður við heildarverkefnið.....	323.427	228.243
	<u>957.869</u>	<u>709.534</u>